

Bæjarskrifstofur Garðabæjar  
B.t. Gunnars Einarssonar, bæjarstjóra  
Garðatorgi 7  
210 Garðabæ.

Garðabæ, 18. nóvember 2015.

### **Vegna A8 hópna í fimleikum hjá UMF Stjörnunni**

Frá því í haust hefur verið bent á misræmi í fjölda æfingatíma auk ólíkrar menntun og reynslu þjálfara í A8 hópum hjá fimleikadeild Stjörunnar. Erindi þess efnis hafa m.a. verið send formanni aðalstjórnar UMF Stjörunnar, framkvæmdastjóra UMF Stjörunnar auk íþrótta- og tómstundafulltrúa Garðabæjar en því miður hefur verið fátta um svör.

Í fyrsta lagi hafa A og B hópar fengið þrjá klukkutíma í þjálfun á viku á meðan aðrir hópar hafa fengið tvo klukkutíma á viku. Í öðru lagi eru reynslumeiri þjálfarar sem sjá um A og B hópa á meðan þjálfaramál hinna hópanna voru í verulegum ólestri mestan hluta annarinnar. Í þriðja lagi eru iðkendagjöld ekki jöfn miðað við æfingatíma (2 tímar í viku kr. 41.190; 3 tímar í viku kr. 49.000; <http://stjarnan.is/fimleikar/aevingagjoeld>).

Fram kemur í 4. gr. Samstarfssamnings Garðabæjar og UMF Stjörunnar frá 1. apríl 2015, [http://stjarnan.is/images/fundargerdir/2015/Samstarfssamningur\\_UMFStjorunnar%20og%20Garða\\_bæjar.pdf](http://stjarnan.is/images/fundargerdir/2015/Samstarfssamningur_UMFStjorunnar%20og%20Garða_bæjar.pdf), að: „Aðalstjórn UMF Stjörunnar ber ábyrgð á að félagið og allar deildir félagsins uppfylli skilyrði reglna til að teljast fyrirmyndarfélag ÍSÍ og starfi samkvæmt þeim markmiðum sem um slík félög gilda.“

Í handbók ÍSÍ um fyrirmyndarfélag kemur fram í 8. kafla um Jafnréttismál, <http://www.isi.is/library/Skrar/Efnisveita/Fyrirmyndarfelag/Handbok/Kafli%208.pdf>, að: „Mikilvægt er að innan félags/deildar sé gætt jafnréttis á milli kynja og hópna. Þetta á meðal annars við aðstöðu, fjármagn og þjálfun.“

Óskað er eftir afstöðu Garðabæjar til framkvæmdar framangreinds samstarfssamnings og hvort og þá til hvaða viðbragða bæjaryfirvöld munu grípa til að framfylgja framkvæmd samningsins.

Með vinsemd,

Margrét Þorsteinsdóttir